

Samningur milli UMSB kt. 670269-0869 og Haraldar Más Stefánssonar (HMS) kt. 010475-5899 um umhirðu á Skallagrímsvelli og umhverfi hans.

Greinargerð:

Íþróttavallarsvæðið í Borgarnesi er notað af almenningi og íþróttafélögum innan UMSB. Tilgangurinn með samningi þessum er að tryggja að allt viðhald og umhirða á svæðinu verði sem best verður á kosið og unnið af fagmennsku með það að leiðarljósi að vallarsvæðið verði stolt okkar allra sem það notum og sérstaklega íþróttafélaganna sem bjóða þangað gestum í leik og keppni. Einnig er gert ráð fyrir því að allar endurbætur og vinna skili sér í glæsilegum íþróttaleikvangi á fyrirhuguðu Unglingalandsmóti í ágúst 2016.

HMS mun hafa yfirumsjón með umhirðu og viðhaldi á Skallagrímsvelli og umhverfi hans sbr. merkt svæði í fylgiskjali 1.

HMS leggur til þau tæki og tól sem hann á til að vinna þau verk sem kveðið er á um í samningi þessum. HMS hefur aðgang að þeim tækjum sem ætluð eru vallarsvæðinu í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja Borgarbyggðar. Öll meiriháttar efniskaup eins og t.d. áburður, sandur, málning og fræ skal bera undir forstöðumann íþróttamannvirkja og verður það efni þá lagt til frá Borgarbyggð ásamt sérverkfærum og vélum sem þarf til verksins ef HMS á ekki slík tæki.

HMS skal sinna þessu starfi í samstarfi við forstöðumann íþróttamannvirkja Borgarbyggðar og framkvæmdastjóra UMSB.

HMS skal hafa fasta viðveru á vallarsvæðinu frá 1.maí til 1.september ár hvert í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja Borgarbyggðar og framkvæmdarstjóra UMSB.

HMS getur óskað eftir aðstoð unglíngavinnu Borgarbyggðar fyrir stærri viðburði og verkefni sér að kostnaðarlausu.

Vallarsvæðið er afhent HMS í því ástandi sem það er og fulltrúar aðila hafa skoðað og samþykkt.

Fyrir umsjón og umhirðu svæðisins samkvæmt samningi þessum og fylgiskjölum greiðast kr. 4.500.000,- Tilhögun á greiðslum er gerð í samráði við framkvæmdarstjóra UMSB. Verðbætur greiðast á fyrrgreinda fjárhæð miðað við vísitölu neysluverðs, og er grunnvísitala samningsins 174,5 stig (janúar 2014). Vísitala samningsins er uppreiknuð í byrjun hvers árs mv. vísitöluna í janúar og gildir þá út árið.

Allar breytingar á íþróttavallarsvæðinu eru óheimilar nema með samþykki forstöðumanns íþróttamannvirkja eða framkvæmdastjóra UMSB.

Verkbættir sem HMS sér um og ber ábyrð á eru m.a.:

Sláttur á aðalvelli, æfingarsvæði og öðrum grænum svæðum samkv. fylgiskjali 1. Leitast skal við að völlur sé sleginn á leik og mótsdegi og áhorfendasvæði og umhverfi vera snyrtileg þegar fyrirfram ákveðnir viðburðir fara fram. Jafnframt skal vallarstjóri fylgjast með grashæð og slá þannig að grasið sé ávallt í kjörhæð miðað við veðurfar og aðstæður hverju sinni.

Viðhald og bæting á grassverði á öllum grænum svæðum vallarsvæðisins.

Sáningu til að viðhalda æskilegum plöntustofnum á grænum svæðum á fylgiskjali 1 eftir þörfum að mati vallarstjóra og í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja.

Loftun/götun eftir álagi á hverjum tíma og nauðsyn eftir tímabilum að mati vallarstjóra og í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja.

Áburðargjöf hverju sinni, val á áburði og magn á grænu svæðin á fylgiskjali 1 í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja.

Vökvun eftir þörfum að mati vallarstjóra.

Söndun eftir þörfum að mati vallarstjóra í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja.

Allt efnisval sem notað er í viðgerðir og viðhald. T.d. sandur, grasfræ, áburður o.fl.

Spreyrun/litun þegar svæðið þarf að vera sérstaklega fallett í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja.

Kústun/mottun eftir þörfum, þó sérstaklega á vorin og eftir leiki.

Vertical cutting eftir þörfum þó sérstaklega á vorin og fram eftir sumri.

Viðgerðir á skemmdum svæðum með þar til gerðum verkfærum. (oft þarf að skipta út svæðum eftir álagsskemmdir og þá skiptir máli hvaðan grasið er tekið).

Viðhald annara mannvirkja á svæðinu eftir þörfum í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja eins og t.d. vallarhús, miðasöluhús, grindverk og girðingar, varamannaskýli, vallarklukka, auglýsingaskilti, fánastangir, mörk og grindur á hlaupabrautir.

Setja setja upp vallarklukkuna og sjá til þess að hún sé í lagi fyrir fyrsta heimaleik eða mót að vori og jafnframt taka klukkuna niður eftir síðasta skipulagða viðburð að hausti.

Þrifa tartanbrautir reglulega og göngustíga á vallarsvæðinu.

Passa uppá stökkgryfju, að hún sé full af sandi og yfirbreiðsla í lagi.

Gera vallarsvæðið klárt að vori, lagfæra mörk og laga netin o.fl. og jafnframt að gera klárt að hausti með því að ganga frá mörkum og öðrum tækjum og tólum á vallarsvæðinu í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja og framkvæmdastjóra UMSB.

Stjórna álagi á aðalvelli og æfingasvæðum í samráði við þjálfara.

Þarfagreining og áætlanagerð á aðgerðum til að koma og halda vallarsvæðinu í sem bestu ástandi með það í huga að toppa á unglingslandsmóti 2016. Gert í samráði með forstöðumanni íþróttamannvirkja og framkvæmdastjóra UMSB.

Eftirlit með framkvæmdum á svæðinu í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja og framkvæmdastjóra UMSB.

Hafa aðalvöll tilbúinn á leikdag í samráði við knattspyrnudeild Skallagríms. Mörk skulu vera á sínum stað með netin í lagi, völlum sleginn á leikdag, merkingar og línur í lagi og hornfánar og annað sem þarf á sínum stað.

Vallarsvæðið skal vera tilbúið undir frjálsíþróttamót í samráði við frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar samkv. fyrirfram ákveðnum dagsetningum. Ákveðið er í samráði við frjálsíþróttafélagið nánar um hvað þarf að vera klárt í samræmi við keppnisgreinar.

Samningur þessi er undirritaður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af þessum samningi skulu rekin fyrir Héraðsdómi Vesturlands. Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir þar til honum er sagt upp. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara. Samningsaðilar geta hvenær sem er óskað eftir að einstök atriði samningsins verði endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurskoðun skal skrifa undir nýjan samning með áorðnum breytingum

Borgarnesi 9.mars 2015

F.h. UMSB

F.h. HMS
